

Fundargerð aðalfundur UMF Tindastóls

21. febrúar 2007

1. Setning

Gunnar Þór Gestsson setti fundin kl. 20.10.

2. Kosning fundarstjóra

Gunnar Þór Gestsson lagði til að Ómar Bragi Stefánsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt einróma. Fundarstjóri tók þegar til starfa.

3. Kosning fundarritara

Ómar bar upp tillögu að Jakobi Frímanni Þorsteinssyni sem fundarritara og var það samþykkt.

4. Skýrsla formanns

Gunnar Þór Gestsson las skýrslu formanns, sjá nánar í [ársskýrslunni](#).

5. Skýrsla gjaldkera

Magnús Helgason fór yfir reikninga aðalstjórnar árið 2007 fyrir Elínborgu Svavarsdóttir gjaldkera sem var fjarverandi vegna veikinda. Ómar gaf fundarmönnum kost á að spyrja um reikningana og bar þá svo undir fundinn og voru þeir *samþykktir samhljóða*.

6. Körfuknattleiksdeild UMF Tindastóls verður fyrirmyndardeild ÍSÍ

Karl Jónsson kynnti starf Körfuknattleiksdeildar í vinnu við að ná gæðarviðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndardeild. Um er að ræða viðamikla vinnu sem birtist í handbók sem sjá má á vef Tindastóls.

7. Erindi frá Maríu Björk frístundastjóra.

María Björk flutti erindi um fyrirkomulag frístundamála hjá Sveitarfélaginu og helstu verkefni á þessu sviði sveitarfélagsins. Sjá erindið hér (Sett inn síðar).

Ómar bað Maríu um að bera kæra kveðju frá Tindastól til Sveitarfélagsins með þökk fyrir stuðninginn á árinu.

8. Ályktanir til aðalfundar UMF Tindastóls

Aðalfundur UMF Tindastóls, haldin á Mælifelli þann 21. febrúar 2008 samþykkir að beina því til allra deilda félagsins að ganga í spor Körfuknattleiksdeildar og hefja vinnu vegna vottunar á félaginu sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Stefnt skal að því að félagið verði orðið fyrirmyndarfélag ÍSÍ á aðalfundi félagsins árið 2010.

Ályktunin var samþykkt samhljóða.

Aðalfundur UMF Tindastóls, haldin á Mælifelli þann 21. febrúar 2008 samþykkir að beina því til aðalstjórnar að stofnuð verði þriggja manna nefnd sem yfirfer félagatalið og kemur með tillögur til aðalstjórnar um fyrirkomulag félagatals og félagsgjalda fyrir haustið 2008.

Gunnar formaður fylgdi þessari tillögu úr hlaði. *Ályktunin var samþykkt samhljóða.*

Aðalfundur UMF Tindastóls, haldin á Mælifelli þann 21. febrúar 2008 samþykkir að beina því til aðalstjórnar að stofnuð verði þriggja manna nefnd sem yfirfer lög félagsins í samráði við deildir og kemur með tillögur um lagabreytingar ef þurfa þykir fyrir næsta aðalfund félagsins. *Ályktunin var samþykkt samhljóða.*

9. Kosning nýrra heiðursfélaga

Gunnar kynnti fyrirkomulag á kosningu heiðursfélag skv. lögum félagsins og bar því næst tillögur stjórnar undir fundinn:

Aðalstjórn UMF Tindastóls leggur til að Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35 á Sauðárkróki verði gerður að heiðursfélagi UMF Tindastóls. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalstjórn UMF Tindastóls leggur til að Stefán Guðmundsson, Sauðármýri 3 á Sauðárkróki verði gerður að heiðursfélagi UMF Tindastóls. *Samþykkt samhljóða.*

Aðalstjórn UMF Tindastóls leggur til að Stefán Pedersen, Smáragrund 15 á Sauðárkróki verði gerður að heiðursfélagi UMF Tindastóls. *Samþykkt samhljóða.*

10. Íþróttamaður UMF Tindastóls 2007

Gunnar formaður lýsti yfir tilnefningu deildanna til íþróttamanns ársins en þær eru:

- ☐ Dejan Djuric, Skúlabraut 35 á Blönduósi er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af knattspyrnadeild.
- ☐ Ísak Einarsson, Jöklatúni 4 á Sauðárkróki er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af körfuknattleiksdeild.
- ☐ Linda Björk Valbjörnsdóttir, Ártúni 7 á Sauðárkróki er tilnefnd sem íþróttamaður ársins af frjálsíþróttadeild.
- ☐ Steinunn Snorradóttir, Skagfirðingabraut 35 á Sauðárkróki er tilnefnd sem íþróttamaður ársins af sunddeild.
- ☐ Sævar Birgisson, Neðribraut 10 í Mosfellsbæ er tilnefndur sem íþróttamaður ársins af skíðadeild.

Í þriðja sæti í kjöri til íþróttamanns Tindastóls fyrir árið 2007 er Ísak Einarsson, körfuknattleiksmaður ársins.

Í öðru sæti í kjöri til íþróttamanns Tindastóls fyrir árið 2007 er Sævar Birgisson, skíðamaður ársins.

Íþróttamaður Tindastóls árið 2007 er Linda Björk Valbjörnsdóttir, frjálsíþróttakona ársins.

11. Afhending starfsbikars

Formaður UMF Tindastóls afhendi Hrafnhildi Pétursdóttur starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins þann í haust. Hrafnhildur Pétursdóttir hefur í mörg ár unnið fyrir félagið ómælt starf, og á afmælisári félagsins var hún einstaklega virk þar sem hún dróg vagninn í afmælisnefnd félagsins. Það er mat Aðalstjórnar að Hrafnhildur sé vel að þessari viðurkenningu komin.

12. Kosning formanns

Tillaga að Gunnari Þór Gestssyni núverandi formanni. *Samþykkt með lófaklappi.*

13. Kosning stjórnar

Tillaga að Magnúsi Helgasyni, Elínborgu Svavarsdóttur, Kristjönu Jónsdóttur og Rúnu Birni Finnsdóttur. Ekki komu fram fleiri tillögur og var þessi *samþykkt samhljóða.*

14. Kosning varamanna

Tillaga að Jakob Frímanni Þorsteinssyni, Ísak Sigurjóni Einarssyni og Ómari Braga Stefánssyni. *Samþykkt samhljóða.*

15. Kosning skoðunarmanna

Tillaga að Gunnari Sveinssyni og Hirti Geirmundssyni. *Samþykkt samhljóða.*

16. Önnur mál

Stefán Pedersen óskaði eftir því að fá að segja nokkur orð. Hann þakkaði fyrir þann heiður sem honum var sýndur með því að verða kosinn heiðursfélagi og óskaði félaginu til hamingju með afmælið. Hann rifjaði upp ýmsa þætti úr sögu félagsins.

Gígja Sigurðardóttir gjaldkeri frjálsíþróttadeildar óskaði eftir því að fá yfirlit yfir styrki frá aðalstjórn til deildarinnar, bæði frá fyrirtækjum og úr lottóinu. Einnig vildi hún fá að vita í hvað félagsgjöldin fara.

Gunnar svarið henni og sagði að samkvæmt lögum þá fara félagsgjöldin til aðalstjórnar. Allir styrkir fara samkvæmt hlutfallsskiptingu til deildanna. Gunnar sagði að hægt sé að gefa deildunum yfirlit fyrir næsta ár um þessi mál. Málinu vísað til gjaldkera nýrrar stjórnar.

Gunnar Sigurðsson frjálsíþróttabjálfi bað um orðið. Honum er hugleikið uppeldi barnanna og finnst að samræma eigi m.a. æfingagjöldin. Hann er á því að börnin eigi að æfa sem flestar greinar og að foreldrar ættu að greiða eitt gjald. Mikilvægt er einnig að deildirnar vinni meira saman. Ómar Bragi tók undir þessa hugmynd og sagði að þetta hafi verið honum hugleikið lengi. Karl Jónsson tók undir þessa hugmyndir og nefndi að ýmis félög hefðu þennan háttinn á.

17. Fundi slitið

Gunnar lofaði Gunnari og Karli að taka þessi mál uppá formannafundi. Að það því loknu sleit hann fundi kl. 21.25